

BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi Regins hf. 12. mars 2024

Gildi-lífeyrissjóður leggur fram eftirfarandi bókun sem hluthafi í félaginu sem sjóðurinn mun gera grein fyrir á fundinum ásamt því að óskað er eftir því að afstaðan verði færð til bókar í fundargerð aðalfundarins:

Dagskrárliðir 4 og 5 – Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu og tillaga stjórnar um kaupréttarkerfi og heimild til hækkunar hlutafjár

Stjórn leggur til þá breytingu á starfskjarastefnu að stjórn sé heimilt, en ekki skylt, að gera kaupréttarsamninga við forstjóra og æðstu stjórnendur félagsins. Stjórn verði heimilt að úthluta allt að 24.000.000 hlutum að nafnverði (um 1,33% heildarhlutafjár) enda hafi hluthafafundur veitt stjórn heimild í samþykktum til hækkunar hlutafjár til þess að mæta slíkum kaupréttum. Stjórn verði veitt heimild til þess að ákvarða fjölda hluta sem kaupréttir ná til og helstu skilmála kaupréttarsamninga, svo sem um kaupréttargengi og ávinnslutíma.

Að mati Gildis-lífeyrissjóðs er rétt að hluthafar taki afstöðu til helstu skilmála kaupréttarsamninga þegar slík kerfi eru samþykkt. Ekki sé nægilegt í þeim efnum að mögulegir skilmálar komi fram í greinargerð með viðkomandi tillögu. Auk þess skortir sérstaklega á skýrleika varðandi fyrirsjáanleika um mögulega úthlutun til hvers stjórnanda, s.s. hlutfallsleg háþörf í þeim efnum. Þá eru hugmyndir í greinargerð um 3% hækkun nýtingarverðs kaupréttanna á milli ára að mati sjóðsins ekki nægilegar með það fyrir augum að tengja saman hagsmunum hluthafa og stjórnenda.

Gildi-lífeyrissjóður greiðir af framangreindum sökum atkvæði gegn þeim tillögum sem fram koma í dagskrárliðum 4 og 5 á aðalfundinum.

12. mars 2024

Gildi-lífeyrissjóður